

- B. Gjaldskrá Orkubús Vestfjarðar, fyrir raforku, nr. 791 24. nóv. 1981:  
 Öll gjöld samkvæmt gjaldskránni hækki um ..... 19%  
 Gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir hitaveitur, nr. 766 24. nóv. 1981:  
 Öll gjöld samkvæmt gjaldskránni hækki um ..... 19%

*Iðnaðarráðuneytið, 4. febrúar 1982.*

F. h. r.

Páll Flygenring.

*Guðrún Skúladóttir.*

4. febrúar 1982.

Nr. 17.

## AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrám rafveitna.

Samkvæmt 25. gr. orkulaga nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrám rafveitna frá og með 5. febrúar 1982:

Gjaldskrá Rafveitu Akureyrar, nr. 794 24. nóv. 1981:

Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um ..... 19%

nema liðir A-1, A-2 og C-1, en auk þess hækki hitunarliðir D-1, D-2 og D-3 um 1 eyri/kWh.

Gjaldskrá annarra rafveitna sveitarfélaga hækki um ..... 19%

*Iðnaðarráðuneytið, 4. febrúar 1982.*

F. h. r.

Páll Flygenring.

*Guðrún Skúladóttir.*

22. janúar 1982.

Nr. 18.

## AUGLÝSING

um gjald fyrir tilkynningar o. fl. sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 64 16. desember 1943, um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, er gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu, hér með ákveðið þannig:

1. Fyrir tilkynningu um skrásetningu hlutafélaga og samvinnufélaga	kr. 800,00
2. Fyrir tilkynningu um skrásetningu firma	— 280,00
3. Fyrir tilkynningu um veitingu prókúruumboðs, breytingu eða afturköllun á prókúruumboði	— 280,00
4. Fyrir tilkynningu um breytingu á hlutafélögum, samvinnufélögum og firmum (breytingu á stjórn, samþykktum, eigendaskipti o. fl.)	— 280,00
5. Fyrir tilkynningu um að hlutafélag eða firma sé hætt störfum ..	— 60,00
6. Fyrir upphöfðsauglýsingu, þrjár birtingar	— 365,00
7. Fyrir fjármark	— 70,00
8. Fyrir auglýsingu um óskilafénað, fyrir hverja kind eða hross ..	— 40,00
9. Fyrir innköllun	— 365,00
10. Fyrir auglýsingu um skiptafund	— 145,00